

## SAMÞYKKT

### um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss.

#### I. KAFLI

##### Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

###### 1. gr.

###### *Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

###### 2. gr.

###### *Sjálfstætt stjórnvald.*

Sveitarfélagið Ölfus er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

###### 3. gr.

###### *Verkefni sveitarfélagsins.*

Sveitarfélagið Ölfus annast þau verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneytinu.

Sveitarfélagið Ölfus vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu Ölfusi er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

#### II. KAFLI

##### Um bæjarstjórn.

###### 4. gr.

###### *Hlutverk bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

###### 5. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í ædstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 6. gr.

*Ný bæjarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

## 7. gr.

*Kjör forseta bæjarstjórnar og varaforseta.*

Á fyrsta fundi kys bæjarstjórn forseta og einn varaforseta. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta bæjarstjórnar skal kjósa varaforseta til að gegna störfum forseta í forföllum hans. Kosning varaforseta fer fram með sama hætti og forseta.

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og bæjarstjórnar. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

## III. KAFLI

**Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.**

## 8. gr.

*Fundir bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss heldur reglulega fundi bæjarstjórnar einu sinni í mánuði að jafnaði og fundardagar eru síðasti fimmtudagur hvers mánaðar kl. 16.30 að öðru jöfnu. Fundirnir eru haldnir í ráðhúsi Sveitarfélagsins Ölfuss.

Aukafundi skal halda þegar forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri telja það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

## 9. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri boðar til fundar. Fundarboð skal berast bæjarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til bæjarfulltrúa, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti og fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt bæjarfélagsins.

Heimilt er að boða fundi ráða og fastanefnda rafrænt með sama hætti og boðun funda bæjarstjórnar.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

#### 10. gr.

##### *Dagskrá bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega a.m.k. 54 klukkustundum fyrir fund og í síðasta lagi kl. 16.00 á föstudegi vegna fundar sem halda skal á mánudegi.

#### 11. gr.

##### *Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.*

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu Sveitarfélagsins Ölfuss um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

#### 12. gr.

##### *Opnir fundir bæjarstjórnar.*

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

#### 13. gr.

##### *Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

#### 14. gr.

##### *Fjarfundabúnaður.*

Heimilt er að nota fjarfundabúnað við framkvæmd bæjarstjórnarfunda sem og við framkvæmd annarra funda nefnda og ráða ef aðstæður eru með þeim hætti sem lýst er í 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga og 2. mgr. auglýsingar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 15. gr.

*Tvær umræður í bæjarstjórn.*

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 16. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.***I. Fundarsköp:**

- a. *Fundarstjórn.* Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.
- b. *Vald forseta bæjarstjórnar.* Skyld er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsalum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti bæjarstjórnar lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti bæjarstjórnar gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti bæjarstjórnar ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti bæjarstjórnar getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlíð á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal að öllu jöfnu sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða framkvæmdastjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti bæjarstjórnar í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti bæjarstjórnar leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa prentað mál nema forseti bæjarstjórnar leyfi.
- g. *Hve oft má tala.* Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls í allt að tíu mínútur í fyrri skiptið og allt að fimm mínútur í seinna skiptið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls. Forseti getur leyft bæjarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Framkvæmdastjóri hefur óbundið málfrelsi.

- h. *Ræðutími.* Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Óski bæjarfulltrúi eftir lengri umræðu vegna einstaks máls sem er til umfjöllunar á fundinum, skal hlutaðeigandi beina beiðni þess efnis til forseta og skal ræðutími í fyrri umræðu þá lengdur í 15 mínútur og í 5 mínútur við seinni umræðu. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun og ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana hans eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar um tíma-takmörk ræðutíma.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti bæjarstjórnar ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti bæjarstjórnar sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti bæjarstjórnar getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

1. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forseta bæjarstjórnar. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

## II. Ritun fundargerða:

- a. *Fundargerðir.* Fundargerðir bæjarstjórnarfunda skal rita og færa í gerðabók í samræmi við fundarsköp bæjarstjórnar. Á fundum fastanefnda, skv. samþykkt um stjórn bæjarfélagsins, annarra nefnda, stjórnar og ráða á vegum bæjarfélagsins skal rita fundargerðir og skulu þær skráðar með sams konar hætti og fundargerðir bæjarstjórnar, sbr. 1. mgr. Sviðsstjórnar eru að jafnaði fundarritarar ráða og nefnda, en ráð og nefndir geta ráðið sér sérstakan fundarritara úr starfsmannahópi bæjarfélagsins.
- b. *Gerðabók.* Fundargerðir bæjarstjórnar, fastanefnda, annarra nefnda, stjórnar og ráða skal rita í gerðabók sem skal vera innbundin með tölusettum blaðsíðum.
- c. *Efni fundargerða.* Eftirfarandi atriði eiga að koma fram í fundargerðum bæjarstjórnar, fastanefnda, annarra nefnda, stjórnar og ráða á hennar vegum skv. samþykkt um stjórn bæjarfélagsins:
  - a. Númer fundar og heiti nefndar (bæjarstjórnar, fjölskyldu- og fræðslunefndar o.s.frv.).

- b. Fundardagur, upphaf fundar (tími) og fundarstaður.
  - c. Nöfn viðstaddra bæjarfulltrúa, nefndarmanna, varamanna og fyrir hverja þeir sitja og eftir atvikum annarra sem fundinn sátu.
  - d. Dagskrármál sem tekin eru fyrir á fundinum, málsnúmer, dagsetning erinda, nöfn aðila, meginefni og niðurstaða þeirra.
  - e. Skrá skal í fundargerð viki bæjarfulltrúi eða nefndarmaður sæti vegna vanhæfis. Skrá skal í fundargerð ef starfsmaður vikur af fundi vegna vanhæfis.
  - f. Atkvæðagreiðsla/kosning.
  - g. Hverjir greiddu atkvæði með máli, hverjir á móti og hverjir sátu hjá.
  - h. Skrá skal lok fundar.
  - i. Skrá skal undirritun fundargerðar.
- d. *Fundargerðir skráðar í tölvu.* Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að fundargerðir séu skráðar í tölvu/fundargerðakerfi. Sé það gert skal skrá í gerðabók bæjarstjórnar, fastanefnda og annarra nefnda, stjórna og ráða, númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu/fundargerðakerfi. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar.
- e. *Nöfn þeirra sem skrá skal í fundargerð.* Skrá skal nöfn viðstaddra bæjarfulltrúa eða nefndarmanna í fundargerð. Ef varamaður situr fund er rétt að skrá fyrir hvaða aðalman hann situr fundinn. Skrá skal hvaða embættismenn sitja fundinn. Ef embættismenn eða gestir sitja fundinn eða hluta hans skal skrá athugasemd um slíkt undir viðkomandi dagskrárlið fundarins.
- f. *Um skráningu dagskrármála í fundargerð og niðurstöðu þeirra.* Skrá skal í fundargerð heiti dagskrármála, málsnúmer og röð þeirra á dagskrá fundarins. Skrá skal í fundargerðina við dagskrármálið sjálft, hvaða afgreiðslu það hafi hlotið, ályktanir og niðurstöður, s.s. hvort mál hafi verið samþykkt, því synjað, frestað, vísað til umsagnar nefndar eða starfsmanns, vísað til fullnádarafrgreiðslu nefndar eða starfsmanns eða hvort máli hafi verið vísað frá. Varði afgreiðsla dagskrármáls ekkert af þessu er málið lagt fram án efnislegrar afstöðu til þess. Fundargerðir nefnda sem lagðar eru fyrir bæjarstjórn skulu lagðar fyrir í heild, þ.e. með öllum þeim dagskrármálum sem þær mynda og fer um afgreiðslu þessara fundargerða með vísan til 1. og 2. mgr. þessa tölulíðs. Ályktanir eða samþykktir í fundargerðum nefnda sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar skal færa sérstaklega í fundargerð. Skýrt þarf að koma fram hvaða afgreiðslu hver dagskrárliður þessara fundargerða fær. Aðrir liðir fundargerðar eru lagðir fram til kynningar. Varðandi framkvæmd afgreiðslu dagskrármála skal skrá með hvaða hætti niðurstaða, samþykkt, synjað, frestað o.s.frv. var fengin. Hvort niðurstaðan var eftir atvikum fengin samhljóða, fjöldi atkvæða með og atkvæði á móti, hvort um hjásetu var að ræða o.s.frv., hvort krafist hafi verið skriflegrar atkvæðagreiðslu o.fl., en um þessi atriði vísast að öðru leyti til laga og samþykktu um stjórn sveitarfélagsins. Varðandi aðrar athafnir sem fram fara á fundum bæjarstjórnar eða nefnda, s.s. kosningar ýmiss konar, gildir að tilgreina skal þær sem sérstakt dagskrármál og númer hvað þær eru á dagskrá fundarins. Um framkvæmd slíkra kosninga vísast að öðru leyti til laga og samþykktu um stjórn sveitarfélagsins. Komi fram ósk um bókun frá bæjarfulltrúa, nefndarmanni eða öðrum þeim sem heimild hefur til að bóka skal skrá bókun undir viðkomandi dagskrármáli. Um bókanir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn bæjarfélagsins, t.d. hvort þær þurfi að vera skriflegar. Bókanir skulu færðar til bókar áður en til afgreiðslu fundargerðar kemur.
- g. *Vikið af fundi vegna vanhæfis.* Skrá skal í fundargerð ef bæjarfulltrúi eða nefndarmaður vikur sæti vegna vanhæfis. Skrá skal hvort farið hefur fram atkvæðagreiðsla um hæfi og úrslit hennar. Skrá skal hvaða mál vanhæfið varðar og hvort og þá hvaða varamaður tekur sæti hans. Skrá skal hvenær bæjarfulltrúi tekur aftur sæti og varamaður vikur af fundi. Skrá skal í fundargerð ef embættismaður/starfsmaður, sem hefur málfrelsi og tillögurétt, vikur af fundi vegna vanhæfis. Skrá skal hvaða mál vanhæfið varðar.
- h. *Undirritun í gerðabók.* Við lok fundar skulu viðstaddir kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn/nefndarmenn rita eigin hendi undir fundargerðina hafi hún verið færð beint í gerðabók og staðfesta þar með að rétt hafi verið fært til bókar. Við endurrit fundargerða skal setja skammstöfunina m.e.h. (með eigin hendi) aftan við nafn viðkomandi. Sama gildir hafi fundargerð verið færð í tölvu, þá skulu kjörnir fulltrúar undirrita gerðabók sem í hefur verið fært. Bæjarfulltrúi/nefndarmaður sem vill

gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað hana með fyrirvara um það atriði.

- i. *Um undirritun og frágang tölvufærðrar fundargerðar.* Í lok fundar skal fundargerð prentuð og undirrituð af kjörnum fulltrúum. Þá skulu forseti/formaður nefndar og a.m.k. einn kjörinn fulltrúi setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.
- j. *Um undirritun fundargerða símafunda.* Ef haldinn hefur verið símafundur undirritar bæjarfulltrúi/nefndarmaður sem ekki var viðstaddur á fundarstað, fundargerð á næsta fundi bæjarstjórnar/nefndar.
- k. *Trúnaðarmál.* Mál sem tekið er fyrir á luktum fundi bæjarstjórnar skal skrá sem trúnaðarmál og færa í sérstaka fundargerðabók bæjarstjórnar. Ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni og/eða mál sem eru undanþegin aðgangi almennings samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012 með síðari breytingum, skal bóka umfjöllun og afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarmálabók nefndar. Í fundargerð skal koma fram málsnúmer, vegna tilvísunar í viðkomandi mál í skjalakerfi, og heiti á dagskrárliðnum skal vera „Trúnaðarmál“. Tilvísun í færslur í trúnaðarmálabók skal koma fram í fundargerð.
- l. *Um varðveislu fundargerða.* Skjöl og gögn sem verða til í starfsemi bæjarfélagsins s.s. fundargerðir og önnur skráð fundargögn bæjarstjórnar og nefnda á hennar vegum tilheyra skjalasafni sveitarfélagsins og eru eign þess og fer um varðveislu þeirra skv. gildandi lögum og reglum hverju sinni.

#### 17. gr.

##### *Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir bæjarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um bæjarstjóra.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi bæjarfulltrúi eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Bæjarfulltrúi, nefndarmaður eða starfsmaður bæjarfélagsins sem veit hæfi sitt eða annarra orka tvímælis skal án tafar vekja athygli forseta bæjarstjórnar, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um hæfi bæjarfulltrúa til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 18. gr.

*Varamenn í bæjarstjórn.*

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista í bæjarstjórn geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í bæjarstjórn í forföllum aðalmanns, í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum. Hér skal ávallt miðað við stöðu viðkomandi á þeim tíma er kjör til bæjarstjórnar fór fram.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## IV. KAFLI

**Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.**

## 19. gr.

*Skyldur bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 20. gr.

*Réttur bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmunum sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta bæjarstjórnar um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

## 21. gr.

*Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja á stjórnarsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski bæjarfulltrúi slíks aðgengis skal hann beina því til bæjarstjóra sem veitir honum afrit af gögnum, upplýsingum eða öðru aðgengi.



Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings hefur bæjarfulltrúi heimild til að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins en hefur ekki heimild til að taka af þeim afrit eða fara með þau af skrifstofu sveitarfélagsins.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

## 22. gr.

*Síðareglur og góðir starfshættir.*

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim síðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 23. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 24. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og tilkynna hvaða varamaður sitji fundinn í hans stað. Boðun varamanna skal vera í samræmi við 18. gr. þessarar samþykktar. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

## 25. gr.

*Þóknun o.fl.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarstjórn fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar skal bæjarfulltrúi fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

**Bæjarráð.**

27. gr.

*Kosning bæjarráðs.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna fulltrúa í bæjarráði.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs.

Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar sinnum í mánuði, að öllu jöfnu í 1. og 3. viku hvers mánaðar.

Heimilt er að nota fjarfundabúnað við framkvæmd bæjarráðsfunda ef aðstæður eru með þeim hætti sem lýst er í 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri sveitarfélagsins, formaður bæjarráðs eða a.m.k. 1/3 bæjarráðsmanna óska þess.

29. gr.

*Boðun funda bæjarráðs.*

Formaður bæjarráðs undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við bæjarstjóra. Sviðsstjóri stjórnsýslu-, fjármála- og menningarsviðs sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna formanni bæjarráðs um forföll og tilkynna hvaða varamaður sitji fundinn í hans stað. Boðun varamanna skal vera í samræmi við 18. gr. þessarar samþykktar.

30. gr.

*Stjórnun bæjarráðs.*

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Sviðsstjóri stjórnsýslu-, fjármála- og menningarsviðs annast fundarritun. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi bæjarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

Bæjarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

## 31. gr.

*Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.*

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í bæjarráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum bæjarráðs.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu vera aðalmenn í bæjarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 32. gr.

*Verkefni bæjarráðs.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu. Þá fer bæjarráð með yfirumsjón starfsmannamála, kjaramála og skipar fulltrúa í kjaranefndir.

Bæjarráð hefur umsjón með verkefnum sem tengjast miðlægri þjónustu, atvinnu, frumkvöðla-starfsemi, samgöngumálum, menningarmálum og markaðs- og ferðamálum. Þá fer ráðið með nýtingu þess húsnæðis sem undir það heyrir auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Bæjarráð annast gerð kjörskrár í umboði bæjarstjórnar og ágreiningsmál sem upp kunna að koma um breytingar á kjörskrá.

Undir bæjarráði starfa ráðgjafahópar um annars vegar menningarmál og hins vegar markaðsmál. Þeir eru bæjarráði til ráðgjafar um þá þætti er snúa að menningarmálum og markaðsmálum.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við bæjarstjóra um ákvörðunina.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við bæjarstjóra um afgreiðslu máls.

## 33. gr.

*Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.*

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tl. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Fullnaðarárvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem bæjarráð, nefnd eða starfsmaður hefur afgreitt, sbr. 8. mgr. 32. gr. og 54. gr. samþykktar þessarar skal bæjarstjórn láta leggja lögfræðilegt mat á rétt beiðandans til endurupptöku málsins áður en beiðnin er lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## VI. KAFLI

**Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.**

## 34. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Bæjarstjórn kýs aðal- og varamenn í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum bæjarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 35. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaaðrekstrum vegna nefndarsetu.

## 36. gr.

*Erindisbréf.*

Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

## 37. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð.

## 38. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er bæjarstjórn heimilt að fela kjörnum nefndum sem taldar eru upp í 49. gr. þessarar samþykktar að afgreiða, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Framsalsheimildir nefnda til fullnaðarafgreiðslu skulu koma fram í samþykktum nefnda og í viðauka með samþykkt þessari.

## 39. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar. Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð.

## 40. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum, með þátttöku kjörinna fulltrúa og starfsmönnum sveitarfélagsins. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Ósk um opinn fund skal beina til formanns nefndar, sem sker úr um hvort mál á dagskrá fundar heimila opinn fund.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

## 41. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

## 42. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## 43. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 44. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal

kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskípan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

45. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Heimilt er framboðslista sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í nefnd sem kosið er til skv. b-lið 49. gr. að tilnefna áheyrnarfulltrúa og varaáheyrnarfulltrúa til setu í viðkomandi nefnd með málfrelsi og tillögurétt. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd. Ekki er greidd þóknun fyrir setu áheyrnarfulltrúa á nefndarfundum.

46. gr.

*Þóknun.*

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

47. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

48. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

49. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir auk formanna og varaformanna ráða skv. A- og B-lið.

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúa sem sæti eiga í bæjarstjórn og þrjá til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Meðal verkefna ráðsins eru: Þjónustuver, fjármál, stjórnsýslu- og lögfræðiráðgjöf, mannauðsmál, jafnréttismál, skjalamál, persónuverndarmál, verkefnastjórnun, almannatengsl og markaðsmál, atvinnuþróun, rekstur bókasafns, menningarmál og menningarviðburðir.

Undir bæjarráði starfa:

- i. *Ráðgjafahópur um menningarmál.* Fimm aðalmenn og þrír til vara.  
Ráðgjafahópurinn starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar. Meðal verkefna hans er að vera bæjarráði til ráðgjafar um málefni á sviði menningarmála í sveitarfélaginu.
- ii. *Ráðgjafahópur um markaðsmál.* Fimm aðalmenn og þrír til vara.

Ráðgjafahópurinn starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar. Meðal verkefna hans er að vera bæjarráði til ráðgjafar um málefni á sviði menningarmála í sveitarfélaginu.

**B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skal vera kosið í eftirtaldar nefndir:

1. *Fjölskyldu- og fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni grunnskóla skv. lögum nr. 91/2008 um grunnskóla. Jafnframt fer fjölskyldu- og fræðslunefnd með málefni leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Nefndin fer einnig með þann hluta fjölskylduþjónustu sem ekki er falin sameiginlegri félagsþjónustu og velferðarnefnd Árneshöfnings. Þannig er hún vettvangur umræðu um félagsþjónustu, barnavernd, málefni eldri borgara og fólks með fötlun, með þeim fyrirvara að eftir sem áður fari velferðarnefnd Árneshöfnings með stjórn félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999, málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992 og önnur þau verkefni sem henni eru falin skv. samþykkt þessari.
2. *Íþróttu- og tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar. Meðal verkefna hennar eru frístundastarf barna og ungmenna, rekstur félagsmiðstöðvar, rekstur íþróttamannvirkja, forvarnir og fjölmenningsmál.
3. *Skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni sem varða skipulagsmál og húseignir á vegum sveitarfélagsins skv. skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til bæjarstjórnar um umhverfismál, gróðurvernd skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, skógrækt skv. lögum um skógrækt nr. 3/1955, og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Meðal verkefna ráðsins eru skipulagsmál, umhverfismál, náttúruvernd og friðlýsing, landgræðsla, skógrækt o.fl.
4. *Framkvæmda- og hafnarnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar. Nefndin fer með byggingamál skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, brunamál skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000, sorphirðu og sorpförgun, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 auk þess sem nefndin sér um umferðarmál skv. umferðarlögum nr. 50/1987. Nefndin fer með málefni vatnsveitu skv. lögum nr. 32/2004 og einnig með málefni hafnarinnar skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Meðal verkefna nefndarinnar eru byggingamál, samgöngumannvirki, þjónustumiðstöð, eignasjóður, verklegar framkvæmdir, brunamál, hafnamál og málefni veitna.
5. *Skólanefnd grunnskólans í Hveragerði.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar. Nefndin starfar m.a. skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
6. *Kjörstjórn við bæjarstjórnar- og alþingiskosningar.* Kjósa skal þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Kjörstjórn fer með verkefni kjörstjórnar við alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Undirkjörstjórnir: þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara í samræmi við fjölda kjördeilda.
7. *Fjallskilanefnd.* Fimm aðalmenn og tveir til vara. Nefndin fer með fjallskilamál skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilareglugerð. Nefndin fer með málefni riðuveiki samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 651/2001.
8. *Öldungaráð.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Félag eldri borgara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og Höfn hollvinafélag tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Ráðið er ráðgefandi um málefni og hagsmuni íbúa sveitarfélagsins sem eru 67 ára og eldri og starfar samkvæmt samþykktum öldungaráðs Sveitarfélagsins Ölfuss.

**C. Stjórnir, ráð og nefndir á samstarfsvettvangi sveitarfélaga:** Hér er oft um að ræða stjórnir stofnana/verkefna með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsverkefni sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum. Kjörtímabil þeirra er hið sama og bæjarstjórnar nema annað sé ákveðið.

Þessi samstarfsverkefni eru:

1. *Yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu og velferðarnefnd Árneshöfnings.* Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss kys einn fulltrúa til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árneshöfnings (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi. Fulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss í

yfirstjórn NOS hefur umboð til að taka þátt í skipun þriggja fulltrúa af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar í fimm manna sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagþjónustusvæðið heitir Velferðarþjónusta Árneshöfna og nefndin velferðarnefnd Árneshöfna. Fulltrúar í velferðarnefnd Árneshöfna eru fimm auk jafnmargra varamanna og koma þrjár af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaga í uppsveitum Árneshöfna og Flóahrepps. Velferðarnefnd Árneshöfna fer með stjórn félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðs fólks skv. lögum nr. 38/2018. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraðra skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa. Nefndin fer með jafnréttismál skv. lögum um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008, áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

2. *Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.* Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera félagsmálastjóri Velferðarþjónustu Árneshöfna.
3. *Héraðsnefnd Árneshöfna bs.* Héraðsnefnd Árneshöfna starfar samkvæmt sérstökum samningi milli allra sveitarfélaganna í Árneshöfna. Nefndin fer m.a. með málefni Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, Brunavarna Árneshöfna, Almannavarna Árneshöfna, Listasafns Árneshöfna, Byggðasafns Árneshöfna, Tónlistarskóla Árneshöfna og Héraðsskjalasafns Árneshöfna. Sveitarfélagið Ölfus skipar þrjá aðalfulltrúa og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn, samkvæmt samþykktum Héraðsnefndar Árneshöfna bs. eins og þær eru á hverjum tíma.
4. *Almannavarnarnefnd Árneshöfna.* Bæjarstjórn skipar einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 í sameiginlega almannavarnir í Árneshöfna. Kosning og tilnefning í aðrar nefndir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Árneshöfna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.

#### D. Ársþing og ársfundir stofnana.

Fulltrúar eru kosnir á ársþing og ársfundi stofnana sem sveitarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og/eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár:

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga varafulltrúa á landsþing sambandsins.
2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn til vara í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.
3. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands eins og þær eru á hverjum tíma.
4. *Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga eins og þær eru á hverjum tíma.
5. *Ársfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga eins og þær eru á hverjum tíma.
6. *Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.* Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Eignarhaldsfélags Suðurlands eins og þær eru á hverjum tíma.



**E. Verkefnabundnar nefndir.**

Bæjarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

## VII. KAFLI

**Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.**

50. gr.

*Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

51. gr.

*Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Sviðsstjóri fjármála-, stjórnsýslu- og menningarsviðs gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

52. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu þ.e. sviðsstjóra, og veitir þeim lausn frá störfum, nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum.

53. gr.

*Um ráðningu annarra starfsmanna.*

Yfirmenn ráða sína undirmenn og veita þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana. Um ráðningu annarra starfsmanna en tilgreindir eru í 52. gr. fer eftir ákvæðum reglna um starfsmannaráðningar sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett. Hafa skal samráð við viðkomandi fagnefnd þegar stjórnendur stofnana eru ráðnir.

54. gr.

*Framsal bæjarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er bæjarstjórn heimilt að fela sviðsstjórum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 38. gr. samþykktar þessarar.

Framsalsheimildir sviðsstjóra til fullnaðarafgreiðslu skulu koma fram í samþykktum fagnefnda sem hafa eftirlit með heimildum þeirra, í erindisbréfum sviðsstjóra og í viðauka með samþykkt þessari.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu sviðsstjóra en viðkomandi fagráð hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Sviðsstjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi nefndar til fullnaðar-afgreiðslu.

55. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

56. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga. Starfslýsing skal ávallt vera hluti ráðningarsamnings þar sem fram kemur stutt lýsing á starfi. Í starfslýsingu skal koma fram starfsheiti, vinnustaður, næsti yfirmaður, markmið starfs og almennt ábyrgðarsvið, helstu verkefni, vinnutími og menntunar- og hæfniskröfur. Starfslýsing er ekki tæmandi upptalning á verkefnum starfsmanns.

VIII. KAFLI

**Fjármál sveitarfélagsins.**

57. gr.

*Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.*

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. álagningu skatta og gjalda,
6. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

58. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjar-sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

59. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu

sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá aflað svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnar.

#### 60. gr.

##### *Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

#### 61. gr.

##### *Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Sveitarfélagsins Ölfuss til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 62. gr.

##### *Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

#### 63. gr.

##### *Endurskoðun ársreikninga.*

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## IX. KAFLI

**Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.**

64. gr.

*Réttur íbúa til áhrifa á stjórn sveitarfélagsins.*

Bæjarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn skal sérstaklega vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, dreifibréf send á heimili í sveitarfélaginu eða haldnir borgarafundir.

65. gr.

*Borgarafundur að frumkvæði íbúa.*

Ef 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í Sveitarfélaginu Ölfusi óska borgarafundar skv. 105. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal bæjarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er. Um framkvæmd borgarafundar fer eftir ákvæði 105. gr. sveitarstjórnarlaga.

66. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Bæjarstjórn skal fjalla um beiðni þar að lútandi á næsta fundi sínum og taka ákvörðun um hvort fresta skuli réttaráhrifum þeirrar ákvörðunar sem krafist er að fari í atkvæðagreiðslu frá og með þeim tíma að bæjarstjórn hefur fjallað um beiðnina. Fresta skal réttaráhrifum viðkomandi ákvörðunar ef þess er nokkur kostur að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni.

67. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss nr. 876/2013 með síðari breytingum.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 11. október 2019.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*

VIÐAUKI  
**um fullnaðarafgreiðslur embættismanna sveitarfélagsins  
án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.**

## 1. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi skv. 13., 14. og 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem skipulagsnefnd hefur veitt samþykki sitt fyrir.

Skipulagsfulltrúi getur þannig veitt framkvæmdaleyfi vegna:

1. flutningskerfa fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fjarskipta, rafveitna og verulegra breytinga á slíkum mannvirkjum,
2. framkvæmda á tjaldsvæðum og svæðum til íþróttaiðkunar,
3. landfyllingar,
4. landmótunar undir 50 m<sup>3</sup>,
5. lagningar vega, göngu-, hjóla- og reiðstíga,
6. lokana gatna og vega í 24 klst. eða skemur, með fyrirvara um leyfi lögreglustjóra.

Enn fremur er skipulagsfulltrúa heimil fullnaðarafgreiðsla og að veita umsögn um landskipti sbr. IV. kafla jarðalaga nr. 81/2004.

## 2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að:

1. úthluta lóðum fyrir einbýlishús samkvæmt reglum um lóðarveitingar sem bæjarstjórn setur,
2. veita teikninga- og byggingarfresti samkvæmt almennum byggingarskilmálum og samþykktum sem bæjarstjórn setur.

Byggingarfulltrúa að höfðu samráði við skipulagsfulltrúa er heimilt að veita umsögn:

1. um breytingu á gildandi rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum,
2. vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum,
3. vegna umsóknar um tækifærisleyfi, sbr. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og B. kafla reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
4. vegna umsóknar um áfengisleyfi, sbr. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og B. kafla reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

## 3. gr.

Bæjarstjórn, bæjarráð, skipulags- og umhverfisnefnd eða framkvæmda- og hafnarnefnd skulu hafa eftirlit með afgreiðslu mála sem afgreidd eru með tilvísun til viðauka þessa og geta kallað eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli slíkrar afgreiðslu, sbr. 54. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu samkvæmt samþykktinni og viðauka þessum, getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð, skipulags- og umhverfisnefnd eða framkvæmda- og hafnarnefnd taki ákvörðun í máli.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu máls sem afgreitt er með tilvísun til viðauka þessa eða beri hann fram kvörtun, skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarstjórn, bæjarráði eða eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á.